

## FUNDARGERÐ BÆJARSTJÓRNAR 627. fundur

Ár 2010, fimmtudaginn 7. janúar kl. 17:00 kom bærstjórn Bolungarvíkur saman til fundar í fundarsal bæjarins, Ráðhúsinu við Aðalstræti. Fundargerðin var rituð af Sunnu Reyri Sigurjónsdóttur.

### **Fundinn sátu:**

Sölvi Rúnar Sólbergsson í stað Rögnu Jóhönnu Magnúsdóttur, Elías Jónatansson, Baldur Smári Einarsson, Anna G. Edvardsdóttir, Soffía Vagnsdóttir, Jóhann Hannibalsson og Gunnar Hallsson. Einnig sat fundinn Halla Signý Kristjánsdóttir, fjármálastjóri.

Forseti bærstjórnar Baldur Smári Einarsson setti fundinn, óskaði viðstöddum gleðilegs árs og bauð bærjarfulltrúa, ritara og fjármálastjóra velkomna til fundarins.

Því næst kynnti forseti dagskrá fundarins og var gengið til hennar.

### **DAGSKRÁ**

- 1. Fundargerðir bæjarráðs frá 22/12 2009 og 5/1 2010.**
- 2. Gjaldskrár fyrir árið 2010.**  
( - síðari umræða - )
- 3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.**  
( - síðari umræða - )

### **AFGREIÐSLA**

- 1. Fundargerðir bæjarráðs frá 22/ 12 2009 og 5/1 2010.**

#### 1.1 Fundargerð bæjarráðs frá 22/12 2009

Til máls tóku: Jóhann Hannibalsson, Elías Jónatansson og Gunnar Hallsson.  
Fundargerðin var samþykkt í einu hljóði.

#### 1.2 Fundargerð bæjarráðs frá 5/1 2010

Forseti lagði til að lið 5 í fundargerðinni væri vísað til umræðu um fjárhagsáætlun.  
Það var samþykkt í einu hljóði.  
Til máls tóku: Gunnar Hallsson, Elías Jónatansson og Jóhann Hannibalsson.  
Fundargerðin, utan lið 5 var samþykkt í einu hljóði.

- 2. Gjaldskrá fyrir árið 2010.**

( - síðari umræða - )

#### 2.1 Gjaldskrá fyrir árið 2010

( - síðari umræða - )

Forseti lagði til að gjaldskrá og fjárhagsáætlun væru teknar saman til umræðu en þó bornar upp sér. Það var samþykkt í einu hlóði.

Til máls tóku: Elías Jónatansson, Soffía Vagnsdóttir, Gunnar Hallsson, Jóhann Hannibalsson, Sölvi Rúnar Sólbergsson, Baldur Smári Einarsson og Anna G. Edvardsdóttir.

Bókun:

*„Minnihluti bæjarstjórnar fagnar þeirri ákvörðun bæjarráðs að ætla að ljúka við endurbyggingu Félagsheimilis Bolungarvíkur á þessu ári. Þar með höfum við náð þeim merka áfanga að verja þetta mikilvæga menningarhús sem á svo djúpar rætur í sögu bæjarins frá frekari niðurníðslu og jafnvel niðurrifi. Við erum þess fullviss að með tilkomu endurbyggingarinnar mun þetta glæsilega menningarhús auðga og styrkja menningarstarf á fjölbreyttu sviði í framtíðinni og opna fjölmörg tækifæri fyrir samfélagið, eflingu þess og samheldni.“*

Gjaldskráin var samþykkt í einu hljóði.

**3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.**

**( - síðari umræða - )**

**3.1 Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010**

**( - síðari umræða - )**

Fjárhagsáætlunin var samþykkt í einu hljóði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.55.

**Elías Jónatansson  
Baldur Smári Einarsson  
Sölvi Rúnar Sólbergsson  
Anna G. Edvardsdóttir**

**Jóhann Hannibalsson  
Gunnar Hallsson  
Soffía Vagnsdóttir**